

ÁKVÖRÐUN RÁÐSINS

frá 22. desember 1986

um stöðlun á sviði upplýsingatækni og fjarskipta

(87/95/EBE)

RÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu, einkum 235. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af álitum Evrópuþingsins ⁽¹⁾,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar ⁽²⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Í stöðlum á sviði upplýsingatækni og við samningu þeirra verður öðru fremur að taka mið af:

- að tækniforskriftir eru flóknar og mikillar nákvæmni þörf til að tryggja að upplýsinga- og gagnaskipti fari greiðlega fram og að kerfi séu samhæfð,
- að þörf er á að tryggja að staðlar séu fljótt gefnir út svo óhæfilegar tafir valdi því ekki að textar verði of snemma úreltir vegna hinnar öru tækniþróunar,
- að þörf er á að hvetja til þess að alþjóðlegum stöðlum um upplýsinga- og gagnaskipti sé komið á með þeim hætti að það byggji upp traust á hagnýtu gildi þeirra,
- að stöðlun hefur mikilvægu efnahagslegu hlutverki að gegna því að hún stuðlar að því að komið sé á sameiginlegum markaði á þessu sviði.

Tilskipun 83/189/EBE ⁽³⁾ gerir framkvæmdastjórninni, aðildarríkjunum og staðlastofnununum kleift að fylgjast með því er staðlastofnanir hyggjast semja staðla eða breyta þeim, og samkvæmt því sem segir í sömu tilskipun getur framkvæmdastjórnin einnig sett viðmiðunarreglur um stöðlun sem þjónar sameiginlegum hagsmunum og vinna ber í sameiningu frá fyrstu stígum.

Í þeirri tilskipun er ekki að finna öll ákvæði sem nauðsynleg eru til að framkvæma megi stefnu bandalagsins um stöðlun á sviði upplýsingatækni og fjarskipta.

Þar sem hin ýmsu svið stöðlunar, sérstaklega að því er varðar upplýsingatækni og fjarskipti, skarast tæknilega í vaxandi mæli, er rétt að staðlastofnanir hafi með sér nána samvinnu, og ættu þær að vinna saman að þessum sameiginlegu hagsmunamálum.

Framkvæmdastjórnin hefur nýlega náð samkomulagi innan ramma bókonar um samkomulag sem undirrituð var ásamt Samtökum póst- og símastjórna Vestur-Evrópu (CEPT) og með hliðsjón af þeim almennu leiðbeiningarreglum sem samið hefur verið um við hin sameiginlegu staðlasamtök, Staðlasamtök Evrópu / Rafstaðlasamtök Evrópu (CEN/CENELEC).

Í tilskipun 86/361/EBE ⁽⁴⁾ eru settar fram áætlanir um samningu á sameiginlegum tækniforskriftum (samsvarandi evrópskum fjarskiptastöðlum (NET)) á þessu sviði á vegum Samtaka póst- og símastjórna Vestur-Evrópu, þar sem við á í samráði við Staðlasamtök Evrópu og Rafstaðlasamtök Evrópu.

⁽¹⁾ Stjútíð. EB nr. C 36, 17. 2. 1986, bls. 55.

⁽²⁾ Stjútíð. EB nr. C 303, 25. 11. 1985, bls. 2.

⁽³⁾ Stjútíð. EB nr. L 109, 26. 4. 1983, bls. 8.

⁽⁴⁾ Stjútíð. EB nr. L 217, 5. 8. 1986, bls. 21.

Opinber innkaup eru svið sem hentar vel til að stuðla að útbreiðslu staðla um upplýsinga- og gagnaskipti sem varða samtengingu opinna kerfa, með því að vísað sé til þeirra við innkaup.

Nauðsynlegt er að fela nefnd að aðstoða framkvæmdastjórnina við að ná þeim markmiðum og sinna þeim verkefnum sem kveðið er á um í ákvörðun þessari.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Í ákvörðun þessari merkir:

1. „*tækniforskrift*“: forskrift í skjali þar sem kveðið er á um þá eiginleika sem framleiðsluvara skal hafa, svo sem gæði, skil, öryggiseiginleika eða stærðir, þar á meðal þær kröfur sem gerðar eru hvað vöruna snertir um notkun íðorða og tákna, prófanir og prófunaraðferðir, umbúðir og vöru- og umbúðamerkingar;
2. „*sameiginleg tækniforskrift*“: tækniforskrift sem ætluð er til samræmdrar notkunar í öllum aðildarríkjum bandalagsins;
3. „*staðall*“: tækniforskrift sem samþykkt hefur verið af viðurkenndri staðlastofnun og ætluð er til endurtekinna eða stöðugra nota án þess að skylt sé að fylgja henni;
4. „*alþjóðlegur staðall*“: staðal sem tekinn er upp af viðurkenndri alþjóðlegri staðlastofnun;
5. „*frumvarp að alþjóðlegum staðli (DIS)*“: frumvarp að staðli sem tekið er upp af viðurkenndri alþjóðlegri staðlastofnun;
6. „*alþjóðleg tækniforskrift á fjarskiptasviði*“: tækniforskrift um alla eða suma eðliseiginleika vöru, sem mælt er með af Alþjóðlegu ráðgjafarnefndinni um ritsíma og talsíma (CCITT), Samtökum póst- og símastjórna Vestur-Evrópu (CEPT) eða öðrum hliðstæðum stofnunum;
7. „*Evrópskur staðall*“: staðal sem samþykktur hefur verið á þann hátt sem mælt er fyrir um í samþykktum þeirra staðlastofnana sem bandalagið hefur gert samninga við;
8. „*Evrópskur forstaðall (ENV)*“: staðal sem tekinn er upp með tilvísuninni „ENV“ samkvæmt samþykktum þeirra staðlastofnana sem bandalagið hefur gert samninga við;
9. „*notkunarstaðall*“: staðal sem saminn er með tilliti til margþættrar notkunar sem krafist er til að tryggja rekstrarsamhæfni kerfa, yfirleitt gerðan með því að tengja saman marga viðmiðunarstaðla sem þegar eru fyrir hendi og sem tekinn er upp í samræmi við sam-

þykktir staðlastofnana;

10. „*notkunarforskrift*“: forskrift á sviði fjarskipta þar sem skilgreind er notkun eins eða fleiri staðla um samtengingu opinna kerfa vegna tiltekinnar kröfu um fjarskipti milli kerfa á sviði upplýsingatækni (staðla sem mælt er með af Alþjóðlegu ráðgjafarnefndinni um ritsíma og talsíma (CCITT), Samtökum póst- og símastjórna Vestur-Evrópu (CEPT) eða öðrum hliðstæðum stofnunum);
11. „*tæknileg reglugerð*“: tækniforskriftir, þar á meðal viðeigandi stjórnisýsluákvæði, sem skylt er að fylgja að lögum eða í raun til að setja megi vöru á markað eða nota hana í tilteknu aðildarríki eða verulegum hluta þess, að frátöldum þeim forskriftum sem staðbundin yfirvöld setja;
12. „*samræmisvottun*“: aðgerð sem vottar, með samræmisvottorði eða samræmismerki, að vara eða þjónusta sé í samræmi við tiltekna staðla eða aðrar tækniforskriftir;
13. „*upplýsingatækni*“: kerfi, vélbúnað, hluta og hugbúnað sem þarf til að safna upplýsingum, vinna úr þeim og geyma þær á öllum sviðum mannlegrar starfsemi (á heimilum, í skrifstofum og verksmiðjum o.s.frv.), og sem rafeindatækni eða skyld tækni er almennt notuð við;
14. „*opinberir innkaupasamningar*“: samninga sem:
 - skilgreindir eru í 1. gr. tilskipunar 77/62/EBE ⁽¹⁾,
 - gerðir eru um útvegum tækjabúnaðar sem varðar upplýsingatækni og fjarskipti, án tillits til þess hvert verkisvið samningsyfirvaldsins er;
15. „*fjarskiptayfirvöld*“: viðurkennd yfirvöld eða einkafyrirtæki í bandalaginu sem veita almenna fjarskiptaþjónustu.

2. gr.

Í því skyni að stuðla að stöðlun í Evrópu og undirbúningi og notkun staðla á sviði upplýsingatækni og notkunarforskrifta á sviði fjarskipta skulu eftirtaldar ráðstafanir gerðar í bandalaginu, samanber þó 2. mgr. 3. gr. og 4. gr.:

- a) forgangsröð fyrir staðla skal ákveða reglulega, minnst árlega, á grundvelli alþjóðastaðla, frumvarpa að alþjóðastöðlum eða jafngildra skjala í því skyni að gera

⁽¹⁾ Stjútíð. EB nr. L 13, 15. 1. 1977, bls. 1.

verkáætlanir og láta gera þá evrópsku staðla og notkunarforskriftir sem álitnar eru nauðsynlegar til að tryggja upplýsinga- og gagnaskipti og rekstrarsamhæfni kerfa;

b) á grundvelli alþjóðlegrar stöðlunarstarfsemi:

— skal þess farið á leit að evrópsku staðlastofnanirnar og sérhæfðir tækniáðilar á sviði upplýsingatækni og fjarskipta semji evrópska staðla, evrópska forstaðla eða notkunarforskriftir fyrir fjarskipti og ef þörf krefur grípi til þess að gera frumvörp að notkunarstöðlum til að tryggja þá nákvæmni sem notendur þurfa vegna upplýsinga- og gagnaskipta og rekstrarsamhæfni kerfa. Þessir áðilar skulu byggja starf sitt á alþjóðastöðlum, frumvörpum að alþjóðastöðlum eða alþjóðlegum tækniforskriftum á sviði fjarskipta. Ef í alþjóðastaðli, frumvarpi að alþjóðastaðli eða alþjóðlegri tækniforskrift á fjarskiptasviði eru skýr ákvæði svo að beita megi þeim á samræmdan hátt, skal samþykkja þessi ákvæði óbreytt í evrópskum staðli, evrópskum forstaðli eða notkunarforskrift á fjarskiptasviði. Því aðeins að slík skýr ákvæði séu ekki fyrir hendi í alþjóðastaðli, frumvarpi að alþjóðastaðli eða alþjóðlegri tækniforskrift á fjarskiptasviði, skal semja evrópskan staðal, evrópskan forstaðal eða notkunarforskrift á fjarskiptasviði til að skýra eða ef þörf krefur auka við alþjóðastaðalinn, frumvarpið að alþjóðastaðlinum eða hina alþjóðlegu tækniforskrift á fjarskiptasviðinu og þess jafnframt gætt að frá þeim sé ekki vikið;

— skal þess farið á leit við sömu aðila að þeir semji tækniforskriftir sem myndað geti grundvöll fyrir evrópska staðla eða evrópska forstaðla þegar alþjóðastaðlar eru ekki fyrir hendi eða geti orðið framlag til gerðar alþjóðastaðla sem samþykktir verða síðar um upplýsinga- og gagnaskipti og um rekstrarsamhæfni kerfa;

c) ráðstafanir til að auðvelda beitingu staðla og notkunarforskrifta einkum með því að samræma starfsemi aðildarríkjanna að því er varðar:

— sannprófun á samræmi vöru og þjónustu við staðlana og notkunarforskriftirnar á grundvelli prófunarkrafna sem tilgreindar eru í þeim;

— vottun samræmis við staðla og notkunarforskriftir á grundvelli tilhlýðilega samhæfðra aðferða;

d) stuðla skal að því að beitt sé stöðlum og notkunarforskriftum sem varða upplýsingatækni og fjarskipti við opinber innkaup og í tæknilegum reglugerðum.

3. gr.

1. Markmiðum fyrirhugaðra ráðstafana er lýst nákvæmlega í viðauka við ákvörðun þessa.

2. Þessi ákvörðun tekur til:

— staðla á sviði upplýsingatækni eins og tilgreint er í 5. gr.;

— notkunarforskrifta fyrir þjónustu sem boðin er sérstaklega til upplýsinga- og gagnaskipta milli tæknilegra upplýsingakerfa um almenn fjarskiptanet.

3. Þessi ákvörðun tekur ekki til:

— sameiginlegra tækniforskrifta fyrir notendabúnað sem tengdur er við almenn fjarskiptanet sem falla undir tilskipun 86/361/EBE;

— forskrifta fyrir búnað sem er hluti af sjálfum fjarskiptanetunum.

4. gr.

Við ákvörðun á þörf fyrir stöðlun og við gerð starfsáætlunar fyrir stöðlun og gerð notkunarforskrifta skal framkvæmdastjórnin einkum taka mið af þeim upplýsingum sem henni hafa verið sendar samkvæmt tilskipun 83/189/EBE.

Framkvæmdastjórnin skal, eftir að hafa ráðfært sig við nefndina sem getið er í 7. gr., fela tæknilega útfærslu þar til bærum evrópskum staðlastofnunum (CEN, CENELEC og CEPT) og biðja þær ef þörf krefur að semja samsvarandi evrópska staðla og notkunarforskriftir. Umboð þau sem til stendur að veita þessum stofnunum skal leggja fyrir nefndina sem kveðið er á um í 5. gr. tilskipunar 83/189/EBE samkvæmt reglum téðrar tilskipunar. Ekkert umboð skal gefið út sem skarast við nokkurn hluta verkáætlunar sem unnið er að eða lokið er við samkvæmt fyrirætlunum í tilskipun 86/361/EBE.

5. gr.

1. Með tilliti til þess að mismunandi reglum er beitt í hinum ýmsu löndum skulu aðildarríkin gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að miðað sé við:

— evrópska staðla og evrópska forstaðla eins og lýst er í b-lið 2. gr.;

— alþjóðastaðla þegar þeir eru viðurkenndir í landi samningsyfirvalda;

í opinberum innkaupasamningum á sviði upplýsingatækni, þannig að upplýsinga- og gagnaskipti og rekstrarsamhæfni kerfa byggist á þessum stöðlum.

2. Í því skyni að fullkomin samhæfni náist skulu aðildarríkin gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að fjarskiptayfirvöld þeirra beiti notkunarforskriftum þegar um er að ræða aðgang að fjarskiptanetum þeirra fyrir þjónustugreinar sem sérstaklega miðast við upplýsinga- og gagnaskipti milli tæknilegra upplýsingakerfa sem byggð eru á stöðlum sem nefndir eru í 1. mgr.

3. Við beitingu þessarar greinar skal taka tillit til sérstakra aðstæðna eins og lýst er hér á eftir sem geta réttlætt notkun annarra staðla og forskrifa en kveðið er á um í þessari ákvörðun:

— þörf á órofum rekstri eldri kerfa, en þó aðeins sem liður í skýrt markaðri og skjalfestri áætlun um síðari breytingu til alþjóðlegra eða evrópskra staðla eða notkunarforskrifa;

— sérstök verkefni sem eru raunverulegt nýmæli;

— þegar staðall eða notkunarforskrift er tæknilega ekki fullnægjandi til að gegna hlutverki sínu þar sem beiting þeirra tryggir ekki viðeigandi skilyrði til upplýsinga- og gagnaskipta eða rekstrarsamhæfni kerfa, eða að ekki eru til aðferðir (þar á meðal prófanir) sem staðfest geta fullnægjandi samræmi vöru við þann staðal eða notkunarforskrift sem um er að ræða eða ef um er að ræða evrópska forstaðla sem ekki hafa nægan stöðugleika til að vera nothæfir. Veita ber öðrum aðildarríkjum tækifæri til að sýna fram á það við nefndina sem fjallað er um í 7. gr. að búnaður í samræmi við staðalinn hafi verið notaður með fullnægjandi árangri og að ekki hafi verið réttmætt að gera þessa undantekningu;

— þegar í ljós kemur eftir vandlega markaðsathugun að af mikilvægum hagkvæmnisástæðum er ekki réttmætt að nota viðkomandi staðal eða notkunarforskrift. Veita ber öðrum aðildarríkjum tækifæri til að sýna fram á það við nefndina sem fjallað er um í 7. gr. að búnaður í samræmi við staðalinn hafi verið notaður með fullnægjandi árangri í venjulegum viðskiptum og að ekki hafi verið réttmætt að gera þessa undantekningu.

4. Að auki geta aðildarríkin, af sömu ástæðu og tilgreint er í 1. mgr., krafist þess að miðað sé við frumvörp að alþjóðastöðlum.

5. Samningsyfirvöld sem beita 3. mgr. skulu tilgreina ástæður sínar fyrir því, ef mögulegt er í upphaflegum útbodsgögnum sem gefin eru út í tilefni kaupanna, og skulu í öllum tilvikum skjalfesta ástæðurnar í eigin gögnum og veita bjóðendum þessar upplýsingar sé þess óskað og einnig nefndinni sem getið er í 7. gr. en jafnframt virða viðskiptaleynd. Einnig skal vera mögulegt að bera fram kvartanir

vegna beitingar undanþágu samkvæmt 3. mgr. beint við framkvæmdastjórnina.

6. Framkvæmdastjórnin skal tryggja að farið sé að ákvæðum þessarar greinar í öllum framkvæmdum og áætlunum bandalagsins, þar á meðal í opinberum innkaupasamningum sem fé er veitt til á fjárlögum bandalagsins.

7. Samningsyfirvöldum er heimilt, telji þau það nauðsynlegt, að beita öðrum forskriftum við samninga nemi fjárhæð þeirra minna en 100 000 ECU, svo fremi að þessi innkaup komi ekki í veg fyrir notkun staðlanna sem getið er um í 1. og 2. mgr. við samning sem nemur hærri fjárhæð en að ofan greinir. Þörf fyrir undantekningarákvæðið eða að breyta því hámarki sem hér er tilgreint verður endurskoðuð innan þriggja ára frá því að þessi ákvörðun kemur til framkvæmda.

6. gr.

Við samningu á tæknilegum reglugerðum eða breytingar á þeim á sviðum sem þessi ákvörðun nær yfir skulu aðildarríkin ætíð miða við þá staðla sem vísað er til í 5. gr. þegar þeir samsvara á viðeigandi hátt þeim tækniforskriftum sem krafist er í reglugerðinni.

7. gr.

1. Ráðgjafarnefnd sem kallast „Nefnd háttsettra embættismanna um stöðlun á sviði upplýsingatækni“ skal aðstoða framkvæmdastjórnina við að ná þeim markmiðum og stjórna þeim aðgerðum sem kveðið er á um í ákvörðun þessari. Í henni skulu vera fulltrúar tilnefndir af aðildarríkjunum sem kallað geta sérfræðinga eða ráðgjafa sér til aðstoðar; formaður skal vera fulltrúi framkvæmdastjórnarinnar. Í fjarskiptamálum er lögbær aðili „Nefnd háttsettra embættismanna um fjarskipti“ sem kveðið er á um í 5. gr. tilskipunar 86/361/EBE.

2. Framkvæmdastjórnin skal ráðfæra sig við nefndina þegar ákveða skal forgang mála innan bandalagsins, framkvæmdaraðgerðir sem getið er í viðauka þegar um er að ræða mál sem varða staðfestingu samræmis við staðla, eftirlit með framkvæmd 5. gr. og önnur mál sem varða stöðlun á sviði upplýsingatækni og fjarskipta eða öðrum sviðum sem skarast við þessi. Hún skal einnig ráðfæra sig við nefndina um skýrsluna sem getið er um í 8. gr.

3. Framkvæmdastjórnin skal samræma störf þessara nefnda og nefndarinnar sem kveðið er á um í 5. gr. tilskipunar 83/189/EBE, einkum ef hætta er á skörun beiðna til evrópskra staðlastofnana samkvæmt þessari ákvörðun og þeirri tilskipun.

4. Heimilt er að leggja fyrir nefndina allar spurningar varðandi framkvæmd þessarar ákvörðunar að beiðni formanns eða aðildarríkis.

5. Nefndin heldur fundi minnst tvisvar á ári.

6. Nefndin setur sér starfsreglur.

7. Framkvæmdastjórnin sér nefndinni fyrir skrifstofuþjónustu.

8. gr.

Á tveggja ára fresti skal framkvæmdastjórnin leggja fyrir Evrópuþingið og ráðið skýrslu um stöðlunarstarfsemi á sviði upplýsingatækni. Í skýrslunni skal fjallað um ráðstafanir til að koma á stöðlun innan bandalagsins, þann árangur sem náðst hefur og hagnýtingu hans í opinberum innkaupasamningum og tæknilegum reglugerðum einstakra landa, en einkum hagnýta þýðingu við vottun.

9. gr.

Þessi ákvörðun skal ekki hafa áhrif á beitingu tilskipunar 83/189/EBE og tilskipunar 86/361/EBE.

10. gr.

Ákvörðun þessi skal koma til framkvæmda einu ári eftir að hún er birt í *Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins*.

11. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 22. desember 1986.

Fyrir hönd ráðsins,

G. SHAW

forseti.

VIDAUKI

RÁÐSTAFANIR TIL AÐ KOMA Á STÖDLUN Á SVIÐI UPPLÝSINGATÆKNI OG FJARSKIPTA

1. **Markmið**

- a) Að stuðla að samhæfingu innri markaðarins í bandalaginu á sviði upplýsingatækni og fjarskipta.
- b) Að bæta alþjóðlega samkeppnisstöðu framleiðenda í bandalaginu með því að gera ráð fyrir aukinni notkun tækja sem framleidd eru samkvæmt viðurkenndum evrópskum og alþjóðlegum stöðlum í bandalaginu.
- c) Að auðvelda skipti á upplýsingum í öllu bandalaginu með því að draga úr hindrunum sem stafa af ósamhæfni vegna vöntunar á stöðlum eða ónákvæmni þeirra.
- d) Að tryggja að komið sé til móts við þarfir notendanna með því að veita þeim meira frelsi til að byggja upp kerfi sín með þeim hætti sem tryggir samstarfshæfni þeirra og þar með aukin afköst með minni kostnaði.
- e) Að stuðla að beitingu staðla og notkunarforskrifta í opinberum innkaupasamningum.

2. **Lýsing ráðstafana og aðgerða sem fyrirhugaðar eru**2.1. *Undirbúningur starfsáætlana og ákvörðun forgangs*

Gerð starfsáætlana og ákvörðun forgangs að teknu tilliti til þarfa bandalagsins og efnahagsáhrifa þessara aðgerða frá sjónarmiði notenda, framleiðenda og fjarskiptayfirvalda. Meðal þess sem gera skal á þessu stigi er einkum:

- 2.1.1. að safna ítarlegum upplýsingum á grundvelli áætlana einstakra landa og alþjóðaáætlana, setja þessar upplýsingar fram í formi sem auðveldar samanburð og gera þau yfirlit sem störf nefndarinnar krefjast;
- 2.1.2. að dreifa þessum upplýsingum, kanna þarfir og ráðgjast við hagsmunaaðila;
- 2.1.3. að samhæfa starfsáætlanir alþjóðlegri stöðlunarstarfsemi;
- 2.1.4. að hafa umsjón með starfsáætlunum;
- 2.1.5. að semja skýrslur sem lýsa framkvæmd aðgerðanna og hagnýtum árangri af beitingu þeirra.

2.2. *Framkvæmd stöðlunaraðgerða á sviði upplýsingatækni*

Við framkvæmd starfsáætlana verður að beita röð aðgerða sem CEN/CENELEC og CEPT er venjulega falið að sjá um og svara til hinna mismunandi stiga sem nauðsynleg eru til að tryggja að staðlar séu áreiðanlegir.

Meðal þessara aðgerða eru:

- 2.2.1. að fága alþjóðlega staðla til þess að losna við margræðni og valkosti sem takmarka árangur staðla sem eiga að tryggja skipti á upplýsingum og samstarfshæfni kerfa;
- 2.2.2. að semja frumvörp að forstöðlum, þegar réttlæta má slíkt vegna óhóflegra tafa við alþjóðlega stöðlun, eða stöðlum sem bandalagið hefur þörf fyrir ef alþjóðastaðlar eru ekki fyrir hendi;
- 2.2.3. að skilgreina þau skilyrði sem uppfylla verður til að staðfesta fullkomið samræmi við staðal;
- 2.2.4. að semja prófunarstaðla eða prófunarforskriftir sem eru hluti af stöðlum og skipuleggja aðferðir og fyrirkomulag til að gera prófunarstofum kleift að kanna samræmi við þessa staðla á vel samhæfðum grundvelli.

- 2.3. *Starfsemi sem hefur áhrif á fjarskiptasviðinu*
Aðgerðir til að koma á stöðlun á sviði fjarskipta eru tvenns konar:
- samning frumvarpa að notkunarforskriftum, byggðum á alþjóðlegum eða evrópskum stöðlum/forskriftum ef til eru, fyrir aðgang að almenna fjarskiptanetinu fyrir þá þjónustu sem sérstaklega eru ætluð fyrir skipti á upplýsingum og gögnum milli tæknilegra upplýsingakerfa. Þessi tæknivinna fellur undir þá samhæfingarstarfsemi sem fram fer á sviði fjarskipta og er falin CEPT samkvæmt þeirri tilhögun sem lýst er í tilskipun 86/361/EBE;
 - starf sem fer fram á sameiginlegu sviði upplýsingatækni og fjarskipta og krefst aukinnar samvinnu milli þar til bærra tækniaðila (þ.e. CEN/CENELEC/CEPT). Auka ber kröfur um samleitni svo að beita megi stöðlum og notkunarforskriftum á sem flesta vegu og með samhæfðum hætti samkvæmt þeirri tilhögun sem lýst er í tilskipun 83/189/EBE.
- 2.4. *Hliðarráðstafanir*
Þessi hluti áætlunarinnar tekur til eftirfarandi ráðstafana:
- 2.4.1. sérstakar ráðstafanir í mælitækni sem varða:
- eflingu á þróun prófunar- og staðfestingartækja og notkun skipulegra lýsinga,
 - stuðning við að beita tilvísunum, einkum í þeim tilvikum þar sem þörf er á að nota notkunarstaðla sem byggðir eru upp með því að setja saman marga staðla;
- 2.4.2. að stuðla að gerð handbóka til að leiðbeina endanlegum notanda um beitingu staðla;
- 2.4.3. að stuðla að því sýnt verði fram á hvernig samhæfing á starfsháttum fæst með beitingu staðals. Aðalmarkmið þessarar aðgerðar verður að gera prófunar- og mælitækin sem getið er í lið 2.4.1. tiltæk til notkunar við mismunandi verkefni og tryggja að gerðar séu tilraunir með þróunarstaðla;
- 2.4.4. stuðningur við ráðstafanir sem ná út fyrir mörk iðnaðarstöðlunar, fara eftir samningum sem gerðir hafa verið á ýmsum sviðum atvinnulífsins og stuðla að skilvirkum upplýsingaskiptum (viðskipti ferðaskrifstofa, sjálfvirkni í peningaviðskiptum, tölvuvæðing tollafgreiðslu, róbótafræði, skrifstofusjálfvirkni, örtölvun o.fl.);
- 2.4.5. rannsóknir og verkefni sem einkum tengjast stöðlun á sviði upplýsingatækni.
3. **Ráðstafanir sem tengjast beitingu staðla á sviði opinberra innkaupa**
Að finna skilvirkustu aðferðir til að tryggja fljóta beitingu staðla og tækniforskrifta að því er varðar þessa ákvörðun og tryggja jafnframt viðeigandi tengingu við starfsemi sem háð er tilskipun 77/62/EBE ⁽¹⁾.

⁽¹⁾ Stjttíð. EB nr. L 13, 15. 1. 1977, bls. 1.